

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. maí 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til framlengingar á bráðabirgðaákvæðum í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 569. mál

Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni (hér eftir „SLH“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til framlengingar á bráðabirgðaákvæðum í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, mál nr. 569 á 152. löggjafarþingi. SLH fagna fyrirætlunum stjórnvalda um eflingu nýsköpunar hér á landi en skattfrádráttur vegna rannsókna- og þróunarverkefna leikur lykilhlutverk til að ná því markmiði. Samtökin vilja þó leggja til að í meðförum þingsins verði horfið frá því að endurgreiðsluhlutfall og þak sé lækkað frá því sem gildi rekstrarárin 2020 og 2021.

Sá rammi sem hið opinbera hefur skapað fyrir nýsköpun hefur verið grundvallaratriði í rekstri félagsmanna SLH og hefur skapað forsendur fyrir öflugri aðkomu fjárfesta í nýsköpun hér á landi. Sú fjárfesting hefur skilað samfélaginu margvíslegum ábata í formi nýrra starfa, aukins útflutnings og skatttekna.

Það er vert að minna á að endurgreiðsla á þróunarkostnaði á sér alltaf stað samhliða ákvörðun fjárfesta og hluthafa að hætta sínu eigin fé í þróunarverkefni sem þeir telja arðbær og eigi erindi við markaðinn. Endurgreiðsla á þróunarkostnaði styður við slíkar ákvarðanir fjárfesta og tryggir að verkefnin séu framkvæmd á Íslandi á sama tíma og hún stækkar og framlengir slík verkefni með meira mannhaldi og umfangi.

Mikilvægt er að hafa í huga að líf- og heilbrigðistækni iðnaður er um margt ólíkur öðrum iðnaði en rannsóknir og þróun innan fyrirtækja í þeim iðnaði eru tímafrekar og kostnaðarsamar og í einhverjum tilvikum getur liðið áratugur áður en fyrirtæki skila tekjum. Þrátt fyrir þetta hafa fjárfestingar í líf- og heilbrigðistækni aukist á síðastliðnum árum um heim allan og iðnaðurinn kom sterkur út úr heimsfaraldrinum. Var líf- og heilbrigðistækni iðnaðar á heimsvísu metinn á um 800 milljarða Bandaríkjadala árið 2020 og spár gera ráð fyrir að þessi tala eigi eftir að vaxa enn frekar á næstu árum. Er því til mikils að vinna að íslenskur líf- og heilbrigðistækni iðnaður vaxi og dafni á Íslandi og til þess þarf samkeppnishæft starfsumhverfi héraendis fyrir þau fyrirtæki.

Með endurgreiðslum á hluta þróunarkostnaðar líf- og heilbrigðistækni fyrirtækja er stutt við ákvarðanir fjárfesta í að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem verið er að byggja upp til langs tíma. Fyrirtækjum þar sem starfar fjöldi langskólagengis starfsfólks sem hið opinbera hefur varið umtalsverðum fjármunum í að mennta. Um er að ræða starfsfólk með há laun sem skila háum skattatekjum í ríkissjóð yfir langt tímabil.

Viðmið um endurgreiðsluhlutfall annars vegar og þak hins vegar hefur eðli málsins samkvæmt ólík áhrif eftir stærð fyrirtækja og miklu máli skiptir að viðhalda samkeppnishæfum hvötum fyrir allar stærðir fyrirtækja. Það að viðhalda *hlutfalli* vegna kostnaðar við rannsóknar- og þróunarverkefni í 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki skiptir sköpum fyrir þau fyrirtæki í heilbrigðis- og líftækni sem ekki ná upp í endurgreiðslupak. Sú aðgerð árið 2020 hefur haft hvetjandi áhrif á mörg fyrirtæki hér á landi auk innlendra og erlendra fjárfesta og mun hafa áhrif til góðs á ákvarðanatöku áfram. Með því að hækka *þak* á endurgreiðslur vegna verkefna í rannsóknum og þróun verður samkeppnisumhverfi hér á landi jafnara samkeppnisumhverfi erlendis. Hvatar skapast fyrir stærri fyrirtæki til þess að auka umsvif rannsóknar- og þróunarverkefna, koma á fót nýjum verkefnum og jafnvel flytja verkefni sem nú eru staðsett hjá starfstöðvum íslenskra fyrirtækja erlendis hingað til lands. Hugverkaréttindin eru þá skráð hér á landi og framtíðartekjur af þeim verða þá sömuleiðis til á Íslandi með tilheyrandi skattgreiðslum og útflutningstekjum fyrir þjóðarbúið.

Sú sókn í nýsköpun sem boðuð hefur verið síðastliðin ár er fagnaðarefni fyrir íslenskt samfélag og íslenskan iðnað. Íslensk líf- og heilbrigðistækniyrirtæki hafa getið sér gott orð en vörur á heimsmælikvarða hafa komið út úr rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrirtækja hér á landi. Fyrirtæki á borð við Alvotech, Kerecis og SideKick Health hafa nýverið tryggt margra milljarða króna fjármögnun hvert og fyrirtækið ORF líftækni stefnir í sömu vegferð á næstu árum. Áframhaldandi vöxtur er í kortunum.

Samtökin hvetja þingheim til þess að hækka endurgreiðsluhlutfallið sem nú er lagt til í frumvarpinu og halda því í 35% og að þak verði áfram 1100 milljónir fyrir rekstrarárin 2022 og 2023. Þetta skiptir sköpum fyrir íslenskt hagkerfi og er nauðsynlegt skref í áttina að því að landið verði til framtíðar leiðandi í nýsköpun og heilbrigðis- og líftækni iðnaði á heimsvísu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni



Guðmundur Fertram Sigurjónsson, formaður






SLH_Umsögn um RÞ_31.05.22_final

Final Audit Report

2022-05-31

Created:	2022-05-31
By:	Jón Gunnar Gudmundsson (jgudmundsson@kerecis.com)
Status:	Signed
Transaction ID:	CBJCHBCAABAAROql-7hiEZAxvhvqjqMs1hu3DQd0OD_L

"SLH_Umsögn um RÞ_31.05.22_final" History

-  Document created by Jón Gunnar Gudmundsson (jgudmundsson@kerecis.com)
2022-05-31 - 2:01:55 PM GMT
-  Document emailed to Fertram Sigurjonsson (gfs@kerecis.com) for signature
2022-05-31 - 2:02:55 PM GMT
-  Email viewed by Fertram Sigurjonsson (gfs@kerecis.com)
2022-05-31 - 2:26:15 PM GMT
-  Document e-signed by Fertram Sigurjonsson (gfs@kerecis.com)
Signature Date: 2022-05-31 - 2:26:35 PM GMT - Time Source: server
-  Agreement completed.
2022-05-31 - 2:26:35 PM GMT